

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/89/EB
frá 20. nóvember 1998

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/152/EBE varðandi hámarkshraða ákveðinn með hönnun og burðarpalla landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB ⁽²⁾, einkum 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/152/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hámarkshraða ákveðinn með hönnun og burðarpalla landbúnaðardráttarvéla á hjólum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi hækkunar á hámarkshraða, sem er ákveðinn með hönnun, í 40 km/klst. og tækniþróunar er nú rétt að aðlaga kröfur varðandi vikmörk í hraðamælingum, sem um getur í lið 1.5 í viðauka við tilskipun 74/152/EBE.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 74/150/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skal gera á lið 1.5 í viðaukanum við tilskipun 74/152/EBE: „mældur hraði skal vera 5% meiri en hámarkshraði sem ákveðinn er með hönnun“.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 277, 10. 10. 1997, bls. 24.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 33.

1. Frá 1. janúar 2000 er aðildarríkjum óheimilt:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 74/152/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 2004 mega aðildarríkin:

— ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/152/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/152/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.
